

Inngangur

Tillaga að stefnu um mótun umhverfis sem hér fer á eftir er sjöunda samþykktin sem lögð er fyrir borgaryfirvöld sem hluti af Þróunaráætlun miðborgar. Áður hefur verið samþykkt breyting á aðalskipulagi, framkvæmd áætlunarinnar, stefna í samgöngumálum, stefna um uppbyggingu og verndun, stefna fyrir íbúðarsvæði og stefna fyrir hafnarsvæði.

Stefnan er byggð á tillögum sem settar eru fram í Þróunaráætlun miðborgar (STAGE 3 REPORT). Stefnunni fylgja stefnumarkandi ákvarðanir þar sem fram kemur hvernig hana skuli framkvæma. Í greinargerð og á kortum er greint frá forsendum og bakgrunni fyrir því sem hér er sett fram.

Stefna

Borgaryfirvöld samþykkja eftirfarandi stefnu sem þátt í uppbyggingu miðborgarsvæðisins:

- Að taka tillit til landslags í miðborginni og leitast við að varðveita útsýni, þar á meðal sjónlínur, að mikilvægum kennileitum í borginni, til fjalla og sjávar.
- Að viðhalda opnum svæðum og bæta þau. Að sjá til þess að miðborgin bjóði upp á fagurt og öruggt borgarumhverfi.
- Að ákveðin garðar og einstök tré hljóti sérstaka umfjöllun vegna menningarsögulegs og fagurfræðilegs gildis þeirra.
- Að styrkja net göngu- og hjóltreidastíga um miðborgina sem hluta af aðalstígakerfi borgarinnar.
- Að tryggja að upplýsingar um sögu borgarinnar og arfleifð verði aðgengilegar.
- Að samræma útlit og umhverfi á ákveðnum svæðum, svokölluðum áherslusvæðum.
- Að umhverfi ákveðinna gatna sé styrkt með gróðri.

Stefnumarkandi ákvarðanir

Borgaryfirvöld hyggjast framfylgja framangreindri stefnu með eftirfarandi stefnumarkandi ákvörðunum:

Samhengi lands og byggðar (sjá 1. kort í greinargerð)

- Við uppbyggingu miðborgarinnar verður leitast við að halda í ákveðnar sjónlínur og útsýni eins og kostur er.
- Hafa skal í huga yfirbragð miðborgarinnar og sýn að henni, meðal annars með því að byggðin sé í samræmi við landslag miðborgarsvæðisins.
- Við hönnun umferðarmannvirkja skal taka tillit til umhverfis miðborgarinnar s.s. landslags og þéttar byggðar.

Opin svæði (sjá 2. kort í greinargerð)

- Þessir þættir skulu metnir við ákvarðanir um endurbætur og uppbyggingu á opnum svæðum, þ.e. götum, torgum og görðum:
 - Söguleg einkenni miðborgarinnar.
 - Ákveðinn tilgangur og ímynd hvers svæðis.
 - Svæðið tengist nánasta umhverfi og styrki núverandi net opinna svæða innan borgarinnar.
 - Svæðið og byggðin styrki hvort annað.
 - Öruggt og þægilegt aðgengi fyrir alla.
 - Hætta á glæpum minnkuð, t.d. með lýsingu.
- Tillögur um breytingu á skipulagi og/eða útfærslu núverandi opinna svæða eru háðar eftirfarandi atriðum:
 - Að form og notkun yfirborðsefna, þ.m.t. gróðurs, falli að yfirbragði aðliggjandi svæða og bygginga.
 - Að breytingarnar dragi ekki úr gildi svæðanna til útiveru fyrir íbúa í nágrenni þeirra og aðra.
- Allar ákvarðanir um breytingar á landnotkun opinna svæða skulu teknar að vandlega athuguðu máli með eftirfarandi atriði í huga:
 - Áhrif breyttrar landnotkunar á nánasta umhverfi, fegurð og notagildi.
 - Áhrif á bílaumferð.
 - Breytt bílastæðapörf.
 - Nauðsyn eða mikilvægi viðkomandi landnotkunarbreytingar.

Garðar og einstök tré (sjá 3. kort í greinargerð)

- Lagt er til að við gerð aðal- og/eða deiliskipulags verði tekið sérstakt tillit til eftirtalinna garða og trjáa¹:
 1. Hólavallagarður
 2. Víkurkirkjugarður
 3. Austurvöllur
 4. Landfógetagarður
 5. Tjörnin
 6. Hljómskálagarður
 7. Landakotstún
 8. Lýðveldisgarðurinn
 9. Garðurinn við Listasafn Einars Jónssonar
 10. Gamla gróðrastöðin við Laufásveg
 11. Hlynur á horni Vonarstrætis og Suðurgötu
 12. Álmur á horni Túngötu og Aðalstrætis

¹ Með sérstakri umfjöllun er átt að borgarráð afgreiði skipulagsáætlanir þessara svæða.

- Eftirtaldir garðar og svæði falla undir hverfisvernd² samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016:

13. Arnarhóll
14. Ingólfsbrekka
15. Mæðragarður
16. Hallargarður

Göngu- og hjólreiðastígar (sjá 4. kort í greinargerð)

- Net opinna svæða verður styrkt með bættum göngutengslum.
- Gert verður átak við lögn hjólreiðastíga og hjólreiðareina í götustæðum í miðborginni.
- Aðgengi allra að útvistarsvæðum verður tryggt.

Athyglisverðar gönguleiðir (sjá 5. kort í greinargerð)

- Tryggð verður varðveisla mikilvægra sögu- og náttúruminja.
- Upplýsingaskiltum verður komið upp á athyglisverðum stöðum og svæðum.

Áherslusvæði (sjá 6. kort í greinargerð)

- Unnið verður að því að samræma frágang yfirborðs, gróðursetningu og götugögn³ á helstu leiðum (hliðum, inngöngum) til miðborgarinnar.
- Litið verður á tiltekna götur⁴ sem eina heild og skal hönnun miða að því að samræma frágang, götugögn og gróðursetningu.
- Við endurhönnun á pólum eða þungamiðjum miðborgarinnar (sjá kort) verður lögð áhersla á að draga fram sérkenni viðkomandi svæða. Um leið verða ásar á milli þeirra styrktir með því að samræma götugögn.
- Litið verður á opin svæði sem tengjast öðrum útvistarsvæðum borgarinnar sem eina heild en jafnframt hlúð að sérkennum þessara svæða í miðborginni með því að samræma þar götugögn og gróðurval.

Gróðursetning (sjá 7. kort í greinargerð)

- Gerð verður áætlun um gróðursetningu við tiltekna götur.

² Sjá Þróunaráætlun miðborgar – breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016. Gera skal grein fyrir hvaða þættir í umhverfi viðkomandi svæðis skulu njóta forgangs og tiltekinnar verndunar og hvaða réttindi, skyldur og kvaðir eru samfara hverfisvernd fyrir stjórnvöld og borgara varðandi landnotkun og framkvæmdir. Gera skal grein fyrir hvaða landnotkun er fyrirhuguð á hverfisverndarsvæðum og hvernig hún fellur að reglum sem gilda á hverju svæði fyrir sig. Öll svæði sem staðfest hverfisvernd gildir um samkvæmt aðalskipulagi skulu deiliskipulögð ef framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Í deiliskipulagi er landnotkun, mannvirkjagerð og umgengni útfærð í samræmi við reglur settar í svæðis- og aðalskipulagi. Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal samhliða gerð bæja- og húsakönnun sem skal höfð til hliðsjónar.

³ Götugögn: götulýsing, merkingar, bekkir, ruslafötur, pollar, símaklefar, upplýsingatöflur, trágurindur, trjárístar o.fl.

⁴ Götur í Kvosinni, Laugavegur, Hverfisgata, Skólavörðustígur.

Greinargerð

Samhengi lands og byggðar

Legu miðborgarinnar gerir það að verkum að einstakt útsýni er frá miðborginni yfir Sundin og fjallgarðana sem mynda umgjörð borgarinnar. Víða í miðborginni á skipulag og byggðamynstur þátt í að undirstrika upplifun af sérstöku umhverfi Reykjavíkur s.s. Keili í sjónlínu frá Suðurgötu og Esjan. Á sama hátt gegna ákveðnar byggingar sérstöku hlutverki sem kennileiti í borginni, þær sjást víða að og eru oft á tíðum mjög áberandi í ákveðinni sjónlínu s.s. Hallgrímskirkja, Landakotskirkja og Perlan. Fyrirhugað tónlistar- og ráðstefnuhús við höfnina mun einnig verða sterkt kennileiti í miðborginni í framtíðinni.

Skipulagsforsendur

Í Kvosinni tengjast saman þau fjögur landslagsrými sem einkenna yfirbragð miðborgarinnar. Að austan og vestan eru hæðirnar tvær Skólavörðuholt og Landakotshæð, en að norðan og sunnan vatnsfletir hafnarinnar og Tjarnarinnar. Vegna legu gatna eru sterkar sjónlínur frá hæðunum að hafinu, nálægum hæðum og fjallahringnum.

Nálægð hafsins er mikilvægur þáttur í umgjörð miðborgarinnar. Halli landsins og legu gatna norðan við Skólavörðuholtið í átt að hafi gefa sérstaka upplifun af nálægð þess og byggðin rammur inn útsýni til hafs og fjalla. Sérstaklega ber að virða útsýni til sjávar frá Skólavörðuholti. Nokkrar byggingar í og við miðborgina gegna sérstöku hlutverki sem mikilvæg kennileiti í borginni. Það eru Hallgrímskirkja á Skólavörðuhæð, Kristkirkja á Landakotshæð, Perlan á Öskjuhlíð og Sjómannaskólinn á Vatnsholtinu.

Skýringar við kort:

Sjónlínur örvarnar sýna helstu sjónlínur sem rammaðar eru inn af aðliggjandi byggð. Einnig almennt aðsýni að kennileitum sem sjást víða að úr borginni.

Kennileiti eru ýmist náttúruleg eða manngerð. Þau sjást víða að úr borginni og eru mikilvægir þættir í borgarmyndinni auk þess sem kennileiti hjálpa borgarbúum sem og ferðamönnum að staðsetja sig í borginni.

Opin svæði

Í ört vaxandi borg gegna opin almenningssvæði, garðar og torg æ mikilvægara hlutverki. Í miðborginni hafa þessi svæði menningarsögulegt gildi, oft á landsvísu, og þar hafa ýmsir atburðir átt sér stað sem skráðir eru í sögu íslensku þjóðarinnar. Þeir eru mikilvægir samkomustaðir, þar eiga hátíðir og aðrir viðburðir sér stað og þar er hægt að tylla sér niður og njóta hvíldar. Almenningsgarðar og torg fegra ásýnd borgarinnar og þar gefst rými fyrir gróður og dýralíf. Opin svæði í miðborginni eru helguð almenningi til útivistar og frístunda.

Skipulagsforsendur

Kvosin er elsti kjarni byggðarinnar sem borgin hefur þróast og vaxið út frá. Á sama hátt eru opnu svæðin í miðborginni, torgin og garðarnir, elsti hlutinn í útivistarvef Reykjavíkur. Tjarnarsvæðið, brekkurnar meðfram Lækjargötu og Arnarhóll eru hluti af útivistarvef sem teygist um Vatnsmýri, Öskjuhlíð, Fossvogsdal, Elliðaárdal og upp í aðliggjandi heiðar. Útivistarvefurinn í Reykjavík er net útivistarsvæða, ýmist náttúrulegra og/eða manngerðra, sem þræðir sig í gegn um borgina. Hann er meira eða minna samhangandi og samanstendur af ólíkum útivistarsvæðum. Útivistarvefurinn er mikilvægur þáttur í skipulagi borgarinnar og gegnir stóru hlutverki í þeirri viðleitni að skapa íbúum Reykjavíkur og gestum fallett og aðlaðandi umhverfi.

Skýringar við kort:

Almenningsgarðar og önnur útivistarsvæði eru garðar og opin svæði með grænu yfirbragði s.s. Arnarhóll, Hljómskálagarðurinn, Kirkjugarðurinn við Suðurgötu, Landakotstún, Miklatún, ýmsir leikvelli og minni garðar. **Stofnanalóðir með útivistagildi** eru skóla- og leikskólalóðir, auk annarra stofnanalóða sem hafa útivistargildi og eru aðgengilegar almenningi. **Torg** eru kjarnar í þéttbýli, vel afmörkuð svæði sem byggingar skapa skilgreindan og ákveðinn ramma utan um. **Helstu göngurými og gönguvæn svæði** eru ýmist götur þar sem gangandi vegfarendur skulu hafa forgang eða svæði eins og hafnarbakkinn og Tjarnarbakkinn sem eru mjög vinsæl hjá gangandi vegfarendum. **Opin svæði meðfram stofnbrautum** eru hluti af grænni ásýnd, þau gefa möguleika á gróðursetningu og geta þannig mildað neikvæð áhrif umferðar. Um þau liggja helstu stofnstígar.

Garðar og einstök tré

Kvosin er elsti kjarni byggðarinnar sem borgin hefur þróast og vaxið út frá og því eru garðarnir þar elsti hlutinn í útivistarvef Reykjavíkur. Sumir þessarar garða eru frá því fyrir aldamót og eru því mjög mikilvægir fyrir garðsöguna og hafa menningarsögulegt gildi á landsvísu.

Skipulagsforsendur

Þessir garðar eiga það sammerkt að tilheyra og/eða vaxa frá elsta borgarhlutanum og hafa verið óbyggðir frá fyrstu tíð. Þeir hafa gengið í gengum breytingar hvað varðar notkun og frágang en umfangið hefur að mestu verið óbreytt. Garðarnir eru hluti af samfelldu neti opinna svæða sem tengir miðborgina við Hljómskálagarðinn og þaðan til aðliggjandi útivistarsvæða. Alþingishúsgarðurinn ásamt Hólavallakirkjugarði eru hvað merkilegastir þar sem þeir eru þeir einu sem hafa varðveist að mestu leyti í sinni upprunalegu mynd. Alþingishúsgarðurinn er að stofni til yfir hundrað ára gamall og er því með elstu görðum á Íslandi og hefur í gegnum tíðina að mestu fengið að haldast í óbreyttri mynd. Landfótgetagarðurinn er einnig merkilegur þar sem hann er elstur reykvískra skróðgarða sem enn eru í ræktun. Arnarhóll ásamt Tjörninni eru áberandi kennileiti sem setja sterkan svip á miðborgina.

Þeir þættir sem eru lagðir til grundvallar í afmörkun og vali garða og einstakra trjáa sem fjalla ber sérstaklega um við gerð skipulagsáætlana:

- Menningarsögulegt og fagurfræðilegt gildi,
- mikilvægi í borgarmyndinni - m.t.t. útsýnis, sjóntengsla og kennileita,
- staðhættir m.t.t. náttúrufarslegra og landfræðilegra sérkenna – tengsl við önnur útivistarsvæði,
- útivistargildi.

Skýringar við kort

Hólavallagarður var tilbúinn sem kirkjugarður 1838 og er ennþá nýttur sem slíkur.

Víkurkirkjugarður var upphaflega kirkjugarður, þar er silfurreynir, elsta tré í Reykjavík, plantað 1884.

Alþingishúsgarðurinn er að stofni til frá 1893 og er talinn elsti íslenski stofnanagarðurinn sem varðveist hefur.

Austurvöllur hefur frá landnámi verið óbyggður og er því elsta útivistarsvæði Reykjavíkur.

Landfótgetagarðurinn er að stofni til frá 1862 og elstur reykvískra skróðgarða sem ennþá eru í ræktun.

Tjörnin myndaðist í upphafi sem lón innan við malarkambinn þar sem Miðbærinn reis. Hún liggur milli hæðanna tveggja sem kenndar eru við Landakot og Skólavörðu og suður í Vatnsmýrina.

Hljómskálagarðurinn var skipulagður rétt eftir aldamótin síðustu og er í dag eins og þá var lagt til.

Landakotstún verulegur hluti Landakotstúns er óbyggður og opinn almenningi samkvæmt leigusamningi.

Lýðveldisgarðurinn stofnaður á Lýðveldisárinu 1994.

Garðurinn við Listasafn Einars Jónssonar höggmyndagarður með afsteypum af verkum Einars Jónssonar.

Gamla gróðrastöðin við Laufásveg þar var rekin gróðrastöð frá 1899 og fram undir miðja 20. öld. Til þessarar starfsemi má vafalítið rekja upphaf hins mikla trjágróðurs sem setur svip á sunnanvert Skólavörðuholt og fleiri hverfi sem risu um og eftir 1930.

Hlynur á horni Vonarstrætis og Suðurgötu líklega gróðursettur 1917 af Nicolaj Bjarnasyni eða fjölskyldu hans sem bjó í húsinu nr. 5 við Suðurgötu en á þeirri lóð stendur hlynurinn.

Álmur á horni Túngötu og Aðalstrætis líklega gróðursettur skömmu eftir aldamót. Hann er vafalaust fenginn frá Einari Helgasyni og líklega plantað af Agnari F. Koefed-Hansen skógræktarstjóra.

Arnarhóll - um Arnarhólstraðir lá þjóðleiðin til Reykjavíkur þar til Lækurinn var brúaður 1869.

Ingólfsbrekka var austasti hluti lögsagnarumdæmis Reykjavíkur eins og það var ákveðið 1806. Nafnið var formlega tekið upp 1848.

Mæðragarðurinn var gerður að almenningsgarði 1925 - þar er einn fyrsti leikvöllur í borginni.

Hallargarðurinn var upphaflega hluti af íbúðarlóð en var skipulagður sem almenningsgarður 1955.

Göngu- og hjólreiðastígar

Hlutverk stígakerfisins er einkum tvíþætt; að tryggja umferðaröryggi annars vegar og tengja byggð, atvinnusvæði og útivistarsvæði hins vegar.

Hjólreiðastígar eru hugsaðir sem raunhæfur valkostur á ferðamáta í þar sem litið er á hjólið sem samgöngutæki. Stígarnir eru flokkaðir eftir hlutverki þeirra sem jafnframt segir til um hina ýmsu notendahópa og einnig um útfærslur og gæðakröfur.

Skipulagsforsendur

Stofnstígar borgarinnar taka mið af almennum ferðakröfum og liggja þannig í landi að auðvelt er að ferðast eftir þeim t.d. á milli heimila, skóla og vinnustaða. Þar sem stígarnir liggja um þetta byggð er lögð áhersla á gróðursetningu til að styrkja grænt yfirbragð þessara leiða, fegra og þar með bæta vellíðan vegfarandans á leið hans um stígana.

Ferðamáti hjólandi vegfarenda kallar á sértækar ráðstafanir. Í áætlunum um stofnbrautir hjólreiða er gert ráð fyrir að Hverfisgata - Hafnarstræti verði megin leiðin austur-vestur eftir miðborginni endilangri, en suður-norður þverun eftir Fríkirkjuvegi - Lækjargötu annars vegar og Aðalstrætis - Tjarnargötu yfir/undir Hringbraut yfir á Háskólasvæðið hins vegar. Hjólreiðatengingar frá öðrum borgarhlutum og útivistarsvæðum verði meðfram Sæbraut og Hringbraut.

Lagt er til að vinnuhópur móti tillögur um hjólreiðastíga í miðborginni. Þær tillögur verði síðan felldar inn í vinnu við deiliskipulag og hönnun gatna.

Hönnun byggðs umhverfis getur skapað eða fest í sessi hindranir í aðgengismálum hreyfihamlaðra einstaklinga. Vel hönnuð opin svæði, stígar, vegir og samgöngur geta auðveldað hreyfihömluðum daglegt líf. Umhverfi sem tryggir öruggt og þægilegt aðgengi hreyfihamlaðra og umönnunaraðila er öllum til hagsbóta. Þægilegur halli, lækkaðar gangstéttir og brúnir, handrið, góð lýsing og örugg hönnun ásamt góðu skipulagi götugagna eru mikilvægir þættir fyrir marga s.s. ung börn og fólk sem ferðast með hjólastóla eða ýtir vögnum á undan sér.

Skýringar við kort:

Stofnstígar eru fjölförnustu göngu- og hjólreiðaleiðirnar í samræmi við staðfest aðalskipulag borgarinnar. Þeir mynda samhangandi netgrind með u.þ.b. 1000 m möskvastærð. Þeir taka mið af almennum ferðakröfum gangandi og hjólandi vegfarenda og liggja þannig í landi að auðvelt er að ferðast eftir þeim.

Tengistígar eru ætlaðir gangandi og hjólandi umferð og flétta saman byggð og útivistarsvæði innan borgarhlutans, og tengja saman ýmsa þjónustu. Hér eru sýndir fleiri tengistígar heldur en í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016.

Hjólreiðastígar eru stofnbrautir hjólreiða en þeir eru hugsaðir sem raunhæfur valkostur á ferðamáta í stað einkabílsins.

Athyglisverðar gönguleiðir

Miðborgin er elsti hluti byggðar í Reykjavík og er þar að finna mikilvægan hluta íslenskrar arfleifðar og sögu. Miðborgin er því sérstaklega vel til þess fallin að bjóða upp á fjölbreyttar ferðamannaleiðir þar sem höfðað er til mismunandi hópa.

Skipulagsforsendur

Byggð í Reykjavík hófst í Kvosinni og þaðan hefur borgin þróast og vaxið á svipaðan hátt og almennt gerist um miðbæi erlendis. Þar eru elstu byggingarnar og garðarnir og þar er að finna hornsteina í þróunarsögu Reykjavíkur. Þar hófst miðbæjarstarfsemi í Reykjavík en hún teygðist síðar í austurátt upp með Bankastræti og Laugavegi. Fram til 1950 var byggð í Reykjavík samþjöppuð og miðbærinn í göngufjarlægð frá flestöllum íbúum borgarinnar og þjónaði þannig sem aðalverslunar- og þjónustuverfi. Byggingarhættir í Reykjavík hafa í tímans rás breyst stig af stigi. Framan af 19. öldinni voru fyrst og fremst byggðir torfbærir í Reykjavík, einnig nokkuð af timburhúsum. Fór timburhúsum fjölgandi eftir því sem á öldina leið og að því kom að bygging torfbæja var bönnuð. Fyrir áhrif byggingu Alþingishússins um 1880, komust svokallaðir steinbærir í tísku og um svipað leiti var farið að klæða timburhús með bárujárni.

Skýringar við kort:

Byggðasöguleið fylgir og leitar uppi vaxtarbrodda í þróun byggðar í gegnum söguna. Áningarstaðir eru við elstu bæjarstæðin, hjáleigur, tónthúsamannahús, steinbæi og fleiri.

Byggingarsöguleið fylgir þróun í skipulagi og byggingarlist og áningastaðirnir merkar byggingar frá ýmsum tímum.

Garðsöguleið þræðir nýja og gamla garða, útivistarsvæði, torg og stofnanalóðir

Áherslusvæði

Áherslusvæði og megin flæðiásar eru skilgreindir til að stuðla að samræmi í skipulagi og framkvæmd og til að auðvelda forgangsröðun verkefna.

Áherslusvæðin eru þungamiðjur og kennileiti, aðkomur og hlið miðborgarinnar megin flæðiásar ásamt grænum vef. Markmiðið er að styrkja miðborgarsvæðið sem eina heild og bæta mannert og náttúrulegt umhverfi í miðborginni.

Skipulagsforsendur

Eins og í flestum öðrum borgum hafa myndast í miðborg Reykjavíkur ákveðnir þyngdarpunktur eða pólar sem draga að sér fólk í hinum ýmsu erindagjörðum. Helstu pólar í miðborginni eru Ingólfstorg, Hlemmur, Tjörninn og höfnin. Kennileiti eins og Hallgrímskirkja og Ráðhús Reykjavíkur hafa einnig mikið aðráttarafl, eru mikilvæg fyrir ímynd borgarinnar og til staðsetningar fyrir þá sem um hana fara. Torgin og kennileitin eru tengd saman með sterkum gönguásum sem eru einnig fjölfarnar akstursleiðir. Fjöldi fólks jafnt gangandi sem akandi fer um þessa ása á hverjum degi og skiptir því höfuðmáli að þessi svæði séu aðgengileg, falleg og örugg. Garðarnir meðfram Lækjargötu eru hluti af útivistarvef er liggur í gegnum borgina upp til heiða. Huga þarf sérstaklega að þessum görðum og draga fram sérkenni þeirra og sögu er tengist byggðapróun og garðsögu borgarinnar.

Gera má ráð fyrir að torg og stræti séu allt að 1/4 til 1/3 alls landrýmis í miðborginni. Í þessi rými hefur á löngum tíma safnast saman götugögn af ýmsu tagi og án þess að unnið hafi verið eftir ákveðinni heildarstefnu. Síðustu 10-15 árin hefur miðborgin tekið stakkaskiptum hvað varðar hönnun gatna og torga, en þar kennir ýmissa grasa og hefur helst skort á samræmingu í götugögnum og gróðursetningu. Við hönnun gatna og torga skiptir heildarmyndin höfuðmáli. Til þess að styrkja miðborgina sem eina heild og bæta mannert og náttúrulegt umhverfi í miðborginni er mikilvægt að samræma yfirborðsmeðferð, götugögn og trjáplöntun. Samræming þessarra þátta getur t.d. mildað órólega götummynd og tengt saman ólíka byggingarstíla.

Skýringar við kort:

Net opinna svæða - Arnarhóll, brekkurnar meðfram Lækjargötu og Tjarnarsvæðið eru hluti af útivistarvef sem teygist um Vatnsmýri, Öskjuhlíð, Fossvogsdal, Elliðaárdal og upp í aðliggjandi heiðar.

Megin aðkomur að miðbænum eru á mótum helstu tenginga við aðliggjandi stofnbrautir

Hlið Kvosarinnar eru á fjórum stöðum við gatnamót þar sem innsýni í Kvosina birtist

Menningarásinn er norður-suður ásinn er tengir saman vatnsfleti Tjarnar og hafnar, á sandrifinu þaðan sem Reykjavík hefur vaxið frá. Meðfram þessum ás má finna margar mikilvægustu byggingar og garða Reykjavíkur.

Verslunarásinn er austur-vestur ásinn og liggur frá Hlemmi um Laugaveg og Austurstræti og endar á Ingólfstorgi. Samfelld keðja fjölbreyttra verslana raðar sér eftir aðalverslunarás miðborgarinnar.

Ferðamannaásinn er eftir Skólavörðustíg en þar hafa á síðustu árum þróast gjafavöru- og listmunaverslanir sem þjónar fjölda ferðamanna á leið sinni að Hallgrímskirkju og styttu Leifs heppna.

Útivistarásinn tengist útivistarvefnum sem á sinn upphafspunkt í Kvosinni en endapunkturinn ræðst af takmarki þess sem um hann fer og getur því verið Hljómskálagarðurinn, Heiðmörk eða norðurströndin endilöng.

Pólar eru þungamiðjur sem draga að sér fólk í hinum ýmsu erindagjörðum. Hér eru það Ingólfstorg, Hlemmur, Tjörnin og höfnin sem eru skilgreind sem þungamiðjur miðborgarinnar.

Kennileiti miðbæjarins eru áberandi byggingar eða náttúrfyrirbæri í borgarumhverfinu sem eru sýnilegar ýmist víða að úr borginni eða við enda ákveðinnar sjónlínu. Hallgrímskirkja og Ráðhúsið eru áberandi kennileiti í miðborginni.

Gróðursetning

Götutré eiga ekki lengri en áratuga sögu í miðborginni en þau eru þegar farin að setja svip á Laugaveg og Kvosina. Í flestum tilfellum er þar um að ræða Alaskaösp. Götutré hafa víða átt erfitt uppdráttar en þar sem þau hafa náð fótfestu eins og á Laugaveginum setja þau afgerandi svip á götummyndina, styrkja hana sem heild og hafa góð áhrif á mannlífið líkt og annar gróður í umhverfi borgarinnar.

Skipulagsforsendur

Í tengslum við Þróunaráætlun miðborgar þarf að meta hvernig hægt er að nota gróður til þess að einkenna ákveðna staði og styrkja umhverfi gatna. Gróður gegnir mikilvægu hlutverki í því að milda neikvæð áhrif umferðar, samræma og róa götummyndir og fegra ásjúnd borgarinnar almennt. En til þess að áhrif gróðurs verði afgerandi er mikilvægt að hann myndi samfellt eða samhangandi munstur eða strúktúr í borgarmyndinni.

Skýringar við kort:

Grænar götur eru götur þar sem áhersla verður lögð á grænt yfirbragð hvort sem um er að ræða tré og/eða massaplöntun þar sem því verður við komið.

Torg - þar er gert ráð fyrir að tré og runnar séu hluti af hönnun viðkomandi svæðis og dragi fram sérkenni þess.